



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 7. júní 2022  
Tilvísun: 202205-0356

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á um meðferð sakamála og lögum um fullnustu refsinga (bætt réttarstaða brotaþola, fatlaðs fólks og aðstandenda).**

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á meðferð sakamála og fullnustu refsinga (bætt réttarstaða brotaþola, fatlaðs fólks og aðstandenda), 518. mál.

Héraðssaksóknari tekur heilshugar undir þær tillögur sem lagðar eru til með frumvarpinu. Þær breytingar sem gerðar hafa verið frá fyrra frumvarpi sem lagt fram var á síðasta þingi, eru mjög til bóta. Sérstaklega er jákvætt að fallist er á mikilvægi þess að skoða hvort gera þarf breytingar á þeirri tilhögun að taka dómsskýrslur á rannsóknarstigi af brotaþolum undir 15 ára í kynferðisbrotamálum. Þá er jafnframt jákvætt að fallið hefur verið frá þeirri tillögu að skylt væri að taka dómsskýrslu af fötluðum brotaþolum fyrir dómi.

Héraðssaksóknari telur fyrirhugaðar breytingar á lögum um meðferð sakamála að því er varðar réttarstöðu þolenda jákvæðar og til þess fallnar að bæta réttarstöðu þeirra í raun. Þær breytingar sem lagðar eru til og varða fatlað fólk, hvort sem það eru sakborningar eða vitni eru mjög mikilvægar og tímabærar. Þá er einnig mikilvægt að aðstandendur látinna, þegar orsök andláts er til rannsóknar, fái aukin réttindi. Til að mynda hafa aðstandendur fólks sem hefur látist í tengslum við aðgerðir lögreglu ekki átt rétt á réttargæslumanni og því þurft að standa sjálft undir kostnaði við aðstoð lögmans í þeim tilvikum.

Embætti héraðssaksóknara

Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari